



Tillögur frá starfshóp um endurskoðun leikskólastigsins  
Hafnarfjörður  
29.nóvember 2023





## Inngangur

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og stuðlar að menntun barna í gegnum leik sem er aðalnámsleið barna og kennslutæki leikskólakennara. Leikskólar gegna einnig mikilvægu hlutverki sem félagslegt jöfnunartæki sem og mikilvægu þjónustuhlutverki við fjölskyldur og atvinnulíf. Gott aðgengi að þjónustu leikskóla er auk þess álitid hornsteinn þess góða árangurs sem náðst hefur í jafnréttismálum á Íslandi.

Mönnunarvandi og of mikil starfsmannavelta hefur einkennt leikskólastarf undanfarin ár. Til að takast á við þessar áskoranir í rekstrarumhverfi leikskóla þarf að leita nýrra leiða. Hafnarfjörður hefur verið leiðandi í þeirri vinnu. Ein af þeim tillögum sem samþykktar voru á árinu 2023 er sú að skilgreina betur hlutverk starfsmanna, kennara, háskólamenntaðra starfsmanna og ófaglærðra starfsmanna. Markmiðið með þeim aðgerðum var að gera vinnutíma kennara og annara háskólamenntaðra starfsmanna leikskólanna líkari því sem er í grunnskólum. Samhliða þessum breytingum voru gerðar breytingar á kjörum ófaglærðra starfsmanna leikskóla til að gera þau sambærileg kjörum skóla- og frístundaliða í grunnskólum. Nýtt starfsheiti varð til, leikskóla- og frístundaliðar.

Á undanförunum mánuðum hefur farið fram vinna við að endurskipuleggja starf í leikskólum Hafnarfjarðar bæði hvað varðar kennslu og skipulagt frístundastarf út frá faglegum sjónarmiðum og skipulagi innan dagsins og ársins. Markmið vinnunnar er að efla enn frekar það faglega starf sem unnið er í leikskólum út frá aðalnámskrá leikskóla. Starfshópur leggur til að tillögurnar taki gildi að vori 2024.

Með tillögunum er velferð og hagur barna ávallt hafður í fyrirrúmi. Áherslur starfshópsins og markmið stuðla meðal annars að því að draga úr álagi í starfsumhverfi barna og starfsfólks en tryggja jafnframt faglegt starf og fullnægjandi viðveru starfsfólks með börnunum öllum stundum. Væntingar eru til þess að tillögur þessar stuðli að því að innan leikskóla Hafnarfjarðar sé framúrskarandi vinnuumhverfi sem laði að hæft starfsfólk. Þannig skapist sá stöðugleiki í starfsumhverfi sem æskilegur er til að áframhaldandi gróska í fagstarfi fái að dafna.



## Starfshópur

Fræðsluráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 5. október 2022 stofnun starfshóps um endurskipulagningu leikskóladagsins í leikskólum Hafnarfjarðar. Starfshópnum var ætlað að leggja fram tillögur um þetta afmarkaða verkefni. Í erindisbréfi segir meðal annars „ að gera tillögur um breytingar á daglegu skipulagi leikskólastarfsins sem auka gæði skólustarfsins enn frekar og gefa leikskólakennurum um leið meira rými og svigrúm til faglegrar starfsþróunar. Að finna leiðir til að gera starfsumhverfið meira aðlaðandi fyrir leikskólakennara og annað starfsfólk leikskólanna. Að gera tillögur um endurskipulagningu á vinnutíma starfsmanna leikskóla sem tekur mið af styttingu vinnuvikunnar til að skapa betra starfsumhverfi en áður og án þess að draga úr faglegum gæðum starfseminnar“.

Starfshópurinn var skipaður 11 fulltrúum leikskólakennara, leikskólastjóra, foreldra, kjörnum fulltrúum og 3 fulltrúum af mennta og lýðheilsusviði:

- Kristín María Thoroddsen, formaður
- Bjarney Jóhannesdóttir, fulltrúi meirihluta
- Kolbrún Lára Kjartansdóttir, fulltrúi minnihluta
- Margrét Thelma Líndal, fulltrúi foreldra leikskólabarna
- Valgerður Björnsdóttir, fulltrúi leikskólakennara
- Inga Líndal Finnbogadóttir, fulltrúi leikskólastjóra
- Haraldur Gíslason, formaður félags leikskólakennara
- Eyþór Þ. Árnason, formaður verkalýðsfélagsins Hlíf
- Gundega Jaunlinina, varaformaður verkalýðsfélagsins Hlíf
- Árný Steindóra Steindórsdóttir, deildarstjóri leikskóla
- Valgerður Sveinbjörnsdóttir, ritari hópsins
- Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir, þróunarfulltrúi leikskóla, starfsmaður hópsins

Haldnir voru alls 9 fundir. Fyrsti fundur var haldinn í nóvember 2022 og sá síðasti í lok nóvember 2023.



## Tillögur starfshóps

### 1. Skipulag leikskóladagsins

Tillaga starfshóps felur í sér að skilgreina tvíþætta starfsemi innan leikskóladagsins. Annarsvegar sem kennslu og hins vegar sem frístundastarf. Gert er ráð fyrir að kennsla í leikskólum fari fram milli kl. 9.00 og 15.00 á daginn. Tíminn fram að 9.00 og eftir kl. 15.00 er skilgreindur sem frístundastarf. Eftir kl. 15.00 á daginn er heimild til að sameina deildir ef fá börn eru í leikskólanum.

Starfshópur felur þróunarfulltrúa leikskóla að vinna að útfærslum út frá fræðilegum forsendum á skipulagi leikskólans, þ.e. dagskipulagi og ársskipulagi í samvinnu við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og stjórnendur og starfsfólk leikskóla.

Á kennslutíma leikskólans er unnið að grunnþáttum menntunar meðal annars í hópastarfi, í smiðjum, á vals væðum eða í stöðvavinnu. Auk þess er alltaf ákveðinn tími á hverjum degi helgaður daglegum athöfnum svo sem máltíðum. Utan þessa tíma er starfrækt metnaðarfullt frístundastarf að mestu í kringum aðalnámsleið leikskólans, hinn frjálsa leik.

### 2. Leikskóladagatal

Starfshópur leggur til breytingar á leikskóladagatali sem gefið er út að hausti ár hvert. Markmið breytinganna er að gera það sambærilegt skóladagatali grunnskóla með tvískiptingu leikskólastarfsins í kennsludaga og frístundastarf. Kennsludagar í leikskóladagatali verða 180 dagar. Aðra daga sem opið er í leikskólunum fer fram frístundastarf. Foreldrum stendur til boða að skrá börn í frístund í jólafrí, vetrarfríum, dymbilvikum og milli 10. júní og 20. ágúst (dagsetningar breytilegar milli ára).

Gerð hefur verið ítarleg greining á nýtingu leikskólalássa á þeim dögum sem frá og með vori 2024 verða skilgreindir frístundadagar. Frá 1. desember 2022 hafa foreldrar fengið beiðni um að skrá börnin sín í orlof í skólanum þessa daga hyggist þeir ekki nýta þjónustuna. Greining á skráningu og raunmætingu leiddi í ljós að umtalsverður munur var þar á og því ljóst að skráning í orlof náði ekki utan um þörf fyrir þjónustu þessa daga. Því er gerð sú tillaga að í stað þess að skrá börn sín í frí þessa daga verður gert ráð fyrir að börnin séu í frí nema foreldrar skrái þau í frístundastarf. Gert er ráð fyrir sama vistunartíma barna á frístundadögum og aðra daga skólaársins.

Áhrifa þessa mun gæta til lækkunar á leikskólagjöldum fyrir þá foreldra sem velja að skrá börnin sín ekki í leikskólann á frístundadögum. Leikskólagjöld eru óbreytt fyrir þá foreldra sem nýta leikskólavist á frístundadögum.

#### Sumarfrístund

Tillaga starfshóps er að á sumri eða frá 10. júní – 20. ágúst, (ólíkar dagsetningar eftir árum) verði faglegt frístundastarf í leikskólum Hafnarfjarðar. Skrá þarf barn sérstaklega fyrir þann tíma. Skráning fer fram í gegnum Völu.

Ennfremur er gerð er tillaga að breytingu á lokun leikskólanna í sumarleyfum. Lagt er til að sumarið 2024 verði allir leikskólar lokaðir frá 15. júlí – 2. ágúst. Einn leikskóli verður opinn frá 15. júlí – 19. júlí til að þjónusta þær fjölskyldur í Hafnarfirði sem á þurfa að halda.



## Hafnarfjörður

Starfsfólk í leikskólum þeirra barna sem þurfa á sumarfrístund að halda fylgja börnum yfir í þann skóla sem opinn verður. Foreldrum verður kynnt vel hvernig starfsemin og aðstaðan er í þeim leikskóla sem opinn verður.

Á sumrin verður hvert leikskólabarn að taka samfelld fjögurra vikna sumarleyfi eins og verið hefur .

### Jólafrístund

Starfshópurinn leggur til að frístundastarf verði í boði í einum leikskóla í hverju hverfi fyrir þau börn sem þurfa vistun frá 21. desember til 2. janúar. Skrá þarf sérstaklega börn í jólafrístund og skráning fer fram í gegnum Völu. Starfsfólk fylgir með börnum úr þeim leikskólum sem loka. Breytilegt verður hvaða leikskólar verða opnir en ávallt verður tryggt að það séu skólar í öllum hverfum bæjarins.

### Frístundastarf í dymbilviku og vetrarfríum grunnskóla

Lagt er til að opið verði í öllum leikskólum bæjarins í dymbilviku og þegar vetrarfrí er í grunnskólum Hafnarfjarðar tvo daga október og tvo daga í febrúar. Skrá þarf sérstaklega fyrir þá daga í frístund og fer skráning fram í gegnum Völu.

## 3. Stytting vinnuvikunnar

Markmið með útfærslu á styttingu vinnuvikunnar fyrir kennara og annað háskólamenntað starfsfólk er að gera starfsumhverfi og vinnutíma líkara því sem gerist í grunnskólum, fjölga fagfólki og auka þannig fagmennsku og gæði leikskólastarfsins. Kennarar og annað háskólamenntað starfsfólk taka út uppsafnaða styttingu vinnuvikunnar á frístundadögum í jólafríum, dymbilviku, vetrarfríum og hluta til yfir sumartímann. Skóla- og frístundaliðar taka sína vinnutímastyttingu vikulega eða hálfsmánaðarlega í samráði við leikskólastjórnendur.

Tillaga um styttingu vinnuviku er þegar komin til framkvæmda og tók gildi 1. desember 2023. Í nóvember 2022 var farið í aðgerðir á mennta- og lýðheilsusviði með dyggum stuðningi mannauðsdeildar til að mæta þeim veruleika að faghlutfall kennara hefur farið lækandi undanfarin ár. Eftir að eitt leyfisbréf til kennslu tók gildi árið 2019 hafa umtalsvert fleiri leikskólakennarar farið til starfa í grunnskólum heldur en þeir grunnskólakennarar sem hafa valið leikskólana sem sinn starfsvettvang.

Fyrirkomulagið felur í sér að starfsfólk í leikskólum í Félagi leikskólakennara, Proskapjálfafélaginu og BHM hefur val um að vinna 40 stunda vinnuviku og safna upp styttingu. Samtals jafngildir uppsöfnuð stytting vinnuvikunnar 23 dögum sem tekin er út á eftirfarandi hátt:

- 2 dagar í október þegar vetrarfrí er í grunnskólum Hafnarfjarðar.
- Frá og með 21. desember fram til 2. janúar.
- 2 dagar í febrúar þegar vetrarfrí er í grunnskólum Hafnarfjarðar.
- 3 dagar í dymbilviku fyrir páska.
- Með úttekt styttingar á orlofstímabili frá 15. maí – 15. september til viðbótar við orlofsrétt.

Hafnarfjarðarbær var fyrsta sveitarfélagið til að stíga þetta framfaraskref og á degi leikskólans í febrúar sl. var Hafnarfjarðarbæ veitt Orðsporið, hvatningaverðlaun leikskóla fyrir að samræma starfstíma í leik og grunnskólum bæjarins og samræma með því skólaárið á þessum tveimur skólastigum.



### 4. Sveigjanlegur vistunartími – dvalartími barna

Hafnarfjörður er fjölskylduvænt samfélag og leggur áherslu á að þjónusta börn og foreldra þeirra eins vel og þörf er á. Starfshópur leggur til að foreldrum verði boðið uppá sveigjanlegan dvalartíma barna. Hægt verður að haga skráningum þannig að hún sé mismunandi eftir dögum en þó aldrei meira en að hámarki 42,5 tímum á viku.

Foreldrum gefst þá kostur á að skrá börn sín eftir því sem þeir óska eftir í upphafi skólaárs í ágúst/september ár hvert. Ef óskað er eftir að auka við tímafjölda skal það gert í samvinnu við skólastjórnanda.

Meðaltímafjöldi sem keyptur er fyrir börn í íslenskum leikskólum eru nú um 42,5 á viku. Augljóst er að yngsta kynslóðin ætti ekki að vera með lengri „vinnutíma“ en hinir fullorðnu. Þessar tölur eru þó ekki endilega að endurspegla nýtingu þessara tíma og með nýju fyrirkomulagi kaupa fjölskyldur ekki tíma umfram það sem þörf er á og þannig styttest vonandi meðaldvalartími barnanna. Samhliða því léttir á starfi leikskólanna, það dregur úr álagi á börnin sem þar eru og þar skapast heillavænlegri aðstæður til náms. Búast má við að meiri ró einkenni seinnipart leikskóladagsins börnum og starfsfólki til betri samverustunda. Aðgerðin einfaldar leikskólanum einnig skipulagningu í kringum vinnutímastyttingu starfsfólks.

### 5. Opnunartími leikskóla

Tillaga starfshópsins er að opnunartími leikskólanna verði stytur til 16.30 frá og með hausti 2024. Nýting tímans frá 16.30-17.00 hefur minnkað umtalsvert undanfarin ár. Mest varð breytingin í kjölfar viðmiða um hámarksvistunartíma í 8,5 stundir sem Hafnarfjarðarbær setti en nýting hefur síðan þokast rólega niður á við og eru nú einungis örfá börn í nokkrum skólum sem nýta þennan tíma en allmargir skólar loka nú þegar kl. 16.30.

### 6. Gjaldskrá

Lagt er til að gjaldskrá í leikskólum Hafnarfjarðar taki breytingum að vori. Leikskólagjöld fyrir 8 klukkustundir á dag haldast þó óbreytt. Gjald fyrir 30 klukkustunda vistun á viku eða 6 tíma á dag mun lækka umtalsvert eða sem jafngildir 30% af heildarkostnaði af 40 klukkustunda vistun. Þannig er gjald fyrir tímana umfram 30 tíma á dag 70% af heildarkostnaði við 40 klukkustunda vistun.

Kostnaður við máltíðir er óbreyttur.

Áfram verða tekjutengdir afslættir þeir sömu, 50% og 75% sem og systkinaafsláttur 75% afsláttur fyrir annað barn og 100% fyrir systkini umfram tvö.

### 7. Barngildi

Hugtakið barngildi stendur fyrir þá reiknireglu sem notuð er til að reikna út mönnunarpörf leikskóla. Að baki hverju stöðugildi í leikskóla eru 8 barngildi. Hver árgangur leikskólans hefur svo mishátt vægi eftir aldri. Þannig hafa elstu börnin í leikskólanum verið áætluð 10 á hvern starfsmann og haft barngildið 0,8. Fimmtí árgangurinn í leikskólanum hefur hæst barngildi eða 2 á hvert barn. Þannig eru áætluð 4 börn úr þeim árgangi á hvern starfsmann.



## Hafnarfjörður

Starfshópurinn leggur til að uppfæra viðmið um grunnmönnum á þann hátt að barngildi elsta árgangs leikskólans breytist á næstu tveimur árum úr 0,8 í 1. Breytingin hefur þau áhrif á í stað 10 fimm ára barna á hvern starfsmann verða þau 8. Markmið þessarar breytingar er að draga úr álagi á börn starfsfólk og styrkja mönnum í leikskólunum. Breytingin mun ekki hafa áhrif á heildarfjölda barna í leikskólum bæjarins.

### 8. Undirbúningstímar

Starfshópurinn felur þróunarfulltrúa leikskóla að skoða hvernig undirbúningstímar leikskólakennara og annarra starfsmanna eru nýttir. Undanfarin ár hefur vægi undirbúningstíma verið aukið í kjarasamningum Félags leikskólakennara. Þeim hefur verið fjölgað til muna og standa vonir til að þessi aukning verði til þess að styrkja fagstarf og þróun innan leikskólanna.

Drög hafa verið lögð að þróunarverkefni í samvinnu við Menntavísindasvið Háskóla Íslands með þátttöku 6 leikskóla úr Hafnarfirði ásamt leikskólum hjá Reykjavíkurborg. Verkefnið hefur það að markmiði að greina verkefni og vinnulag á undirbúningstíma leikskólakennara og annarra starfsmanna og hvaða hátt undirbúningstími nýtist til eflingar fagstarfs leikskóla.

### 9. Endurmenntun leikskólakennara

Starfshópur leggur til að starfsfólk mennta- og lýðheilsusviðs skipuleggi og standi fyrir þremur endur- og símenntunardögum fyrir leikskólakennara ár hvert. Gert er ráð fyrir að þeir séu í lok formlegs skólastarfs í júní og/eða í upphafi skólaárs seinnihluta ágúst. Með þessu móti verði komið til móts við kröfur um sí- og endurmenntun til aukinnar fagmennsku kennara.

### 10. Íslenskukennsla fyrir starfsfólk leikskóla með annað móðurmál en íslensku

Í leikskólum Hafnarfjarðar starfar hópur fólks með annað móðurmál en íslensku. Störf þessa hóps eru leikskólum virkilega dýrmæt og til að styrkja þennan hluta starfsmannahópsins faglega sem og persónulega er lagt til að Hafnarfjarðarbær bjóði uppá íslenskukennslu. Þróunarfulltrúa leikskóla er falið að leita leiða til að útfæra slík námskeið þannig að sem flestir geti sótt þau. Lagt er upp með að námskeiðin séu haldin á vinnutíma og að þau séu fagtengd. Þannig verði námskeiðin sérstaklega til þess fallin að auka orðaforða, skilning og þekkingu sem varðar starf í leikskólum með beinum hætti.

### 11. Þjálfun og leiðsögn starfsmanna

Rannsóknir sýna að markviss fræðsla, leiðsögn og þjálfun nýliða í starfi eykur starfsánægju og öryggi strax frá upphafi auk þess sem sýnt hefur verið fram á lægri starfsmannaveltu. Lagt er til að leitað verði leiða til að auka fræðslu til nýliða í störfum í leikskólum Hafnarfjarðar. Fræðslan getur meðal annars verið í formi námskeiða og stuttra örfyrirlestra á rafrænu formi.